

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi, nr. 1166/2010.

Rotþróargjald fyrir árið 2013 skal vera kr. 7.000 og er það árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 21.000. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 21.000.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 29. nóvember 2012, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

*Kjósarhreppi, 9. janúar 2013.*

**Guðný G. Ívarsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2013